

Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. mars 2024  
Málsnúmer: 202403-0015  
SS

## Efni: Beiðni um álit varðandi rannsóknir vegna umsóknar Landsvirkjunar um virkjunarleyfi Búrfellslundar.

Vísað er í tölvubréf frá Orkustofnun, dags. 6. mars 2024, þar sem óskað er eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands veiti álit um nauðsynlegar rannsóknir vegna umsóknar Landsvirkjunar um virkjunarleyfi Búrfellslundar. Í álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Búrfellslundar, frá 21. desember 2026, kemur fram að við frekari skipulagsgerð og undirbúning leysisveitinga skuli hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi frekari þörf á rannsóknum.

Ekki var leitað umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þegar frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum Búrfellslundar var auglýst árið 2015. Stofnunin veitti því ekki álit um framkvæmdina í umhverfismatsferli hennar. Engu að síður er í álitum Skipulagsstofnunar bent á að hafa skuli samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands þegar varðandi frekari þörf á rannsóknum á fuglum. Ekki er gerð krafa um samráð við stofnunina vegna frekari umfjöllunar um aðra umhverfisþætti s.s. gróður, jarðminjar eða landslag.

Í umsögn stofnunarinnar til Rangárþings ytra vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Búrfellslund, þann 20. desember 2023 kom fram að sérstaklega mikilvægt væri að vakta vel áflug fugla. Ekki síst vegna þess að allt bendir til þess að Búrfellslundur verði fyrsta starfandi vindorkuverið á Íslandi með svo mörgum vindmyllum og mikilvægt er að skapað sé gott fordæmi um fyrirkomulag fuglavöktunar.

Síðan umhverfismati lauk árið 2016 urðu breytingar á áformuðum vindorkulundi. Landsvirkjun óskaði eftir frekari rannsóknum á fuglalífi til að meta betur áhrif og framkvæmdir Náttúrustofna Norðausturlands þær rannsóknir, líkt og í umhverfismatinu. Í skýrslu Náttúrustofnunar frá 2020 er greint frá niðurstöðum þeirra viðbótarrannsókna. Byggðust viðbótarrannsóknirnar á mun meiri gögnum en upphaflegu athuganirnar frá 2014 og teljast því nýrri niðurstöðurnar áreiðanlegri. Þær gáfu til kynna töluvert meiri áflugshættu en fyrri athuganir höfðu gert og þótt ekki væri talið líklegt að áflugi myndi hafa teljandi áhrif á stofnstærðir tegunda þá væri um tegundir sem njóta verndar skv. íslenskum lögum að ræða og sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á samkvæmt alþjóðlegum samningum. Taldi Náttúrustofnan því mikilvægt að áhættumatið yrði sannreynt með vel útfærðum vöktunarrannsóknum, ef af byggingu vindorkugarðsins yrði. Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir þetta álit Náttúrustofnu Norðausturlands og telur að viðbótarrannsóknir Náttúrustofnunar hafi reynst mjög mikilvægar til að öðlast betri þekkingu um möguleg áhrif vindorkugarðsins á fugla.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur þess vegna nauðsynlegt að fram fari greinargóð vöktun á áhrifum á fuglalíf á framkvæmda- og rekstartíma virkjunarinnar, einkum vöktun á tíðni og eðli áflugs en einnig á t.d. hörfun. Vinna þarf vöktunaráætlun sem fjallar um verklag við vöktun,



tímasetningar og annað skipulag og þarf sú áætlun að taka gildi um leið og fyrstu vindmyllur hafa risið og taka mið af uppbyggingu og áformuðum rekstri vindorkugarðsins. Vöktunin ætti einnig að ná til mögulegs áflugs á rafmagnslínur eins og við á. Æskilegt væri að virkjunarleyfi Orkustofnunar gerði kröfu um slíka vöktun á fuglalífi.

Náttúrufræðistofnun er kunnugt um að Landsvirkjun hyggst njóta áfram ráðgjafar Náttúrustofu Norðausturlands varðandi frekari vöktun á fuglalífi. Það er mjög jákvætt að mati Náttúrufræðistofnunar því Náttúrustofa Norðausturlands hefur almennt mikla þekkingu og reynslu á rannsóknum á áhrifum vindorkuvera á fugla, þar með talið mati á áflugshættu og auk þess með bestu sértæku þekkinguna um fuglalíf svæðisins.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin að veita frekari ráðgjöf eins og þörf þykir.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

